

115. stjórnarfundur SKÓP

Dagsetning: 07.03.24

Tímasetning: 11:00

Staðsetning: Google meets

Mættir eru: Kristín Amy Dyer, Sveinn Gíslason, Ólafur Björnsson og Ásgeir Guðmundsson.
Kristján Ingi Gunnarsson umsjónarmaður SKÓP situr einnig fundinn.

Fundinn ritar: Kristín Amy Dyer

Fundaskrá

1. Rýnt í drög að ársreikning
 2. Minnisblað til leigusala
 3. Önnur mál
-
1. Sveinn fer yfir stöðu mála er varða ársreikninginn fyrir 2023 en ljóst er að árið komi ekki vel út. Rætt er að bæjarráð samþykkti einungis að setja meira fjármagn í SKÓP árið 2024 ef 2023 kæmi ekki út í tapi. Þær forsendur standast ekki og því liggur augum uppi að ekki sé hægt að halda áfram með SKÓP.
 2. Kristján Ingi umsjónarmaður SKÓP setti upp drög af minnisblaði til leigusala sem fjallar um aðdraganda stöðunnar. Ákveðið var að uppfæra núverandi minnisblað og skilgreina betur valkostina sem eru í boði. Annað hvort setja félagið í þrot og að kröfuhafar sækji sinn rétt eða að semja við Kópavogsbæ um viðbótarfjármagn til að komist verði hjá frekari lögfræði- eða innheimtukostnaði frá kröfuhöfum.
 3. Nýr stjórnarfundur var boðaður á fundinum fyrir kl. 11:00 þann 14. mars á Google Meet.

Fundi slitið: 11:40